



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Rvík, 21. desember 2007

Tilvísun: UST20071100123/sf

Akureyrarflugvöllur – Gerð endaöryggissvæðis við norðurenda flugbrautar. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Tilgangur framkvæmdar

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt samgönguáætlun 2007-2010 er fyrirhuguð stækkun á Akureyrarflugvelli, sem felur í sér gerð endaöryggissvæða við norðurenda vallarins, lengingu flugbrautar til suðurs um 460 m og gerð enda öryggissvæða. Fyrirhugaðar framkvæmdir við flugvöllinn eru þó tilkynntar inn til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu í tvennu lagi, þ.e. annars vegar gerð endaöryggissvæðis við norðurenda flugvallar og hins vegar lenging flugbrautar, gerð flughlaðs og endaöryggissvæðis við suðurenda flugbrautar.

Með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 3. desember sl. óskaði Umhverfisstofnun m.a. eftir skýringum á því hvers vegna fyrirhugaðar framkvæmdir við Akureyrarflugvöll væru tilkynntar sem tvær sjálfstæðar framkvæmdir. Í bréfinu kom fram að Umhverfisstofnun teldi almennt að fjalla skyldi sameiginlega um framkvæmdir sem tengjast svo hægt væri að meta heildaráhrif þeirra. Í svari Verkfræðistofnu Norðurlands f.h. framkvæmdaraðila kemur fram að öryggiskröfur reki mjög á eftir að hafist verði handa um gerð endaöryggissvæða. Framkvæmd við norðurhlutann sé mun minni en lenging flugvallarins og umhverfisáhrif vegna hennar mun minni en áhrif vegna lengingarinnar. Til að framkvæmdir við norðurendann tefðust ekki vegna umfjöllunar um matsskyldu lengingarinnar þótti haganlegt að senda tilkynningu um framkvæmdirnar í tvennu lagi, en á sama tíma þannig að hægt væri að sjá heildarumfang framkvæmdanna. Fram kemur að Skipulagsstofnun hafi fallist á slíka málsmeðferð. Umhverfisstofnun telur að æskilegra hefði verið að tilkynna framkvæmdina sem eina heild og meta þannig heildaráhrif þeirra enda um að ræða framkvæmdir sem ekki eru óháðar hver annari.

Framkvæmdirnar við norðurenda flugbrautarinnar felast í því að landfylling þar verður lengd um 90 m. Ný landfylling verður 90 m breið auk fláa 1:4 að óhreyfðu landi, en núverandi landfylling er 150 m breið. Samhliða landfyllingunni verður skipt um jarðveg á 60 m löngu og 45 breiðu svæði á enda núverandi landfyllingar. Einnig verður gerð fylling undir stefnuvita, sem verður um 32 m breið auk fláa og mun hún ná um 35 m til suðurs frá Leiruvogi. Gerður verður vegslóði fyrir efnisflutninga frá Leiruvogi að vinnusvæðinu, en hann verður fjarlægður að verki loknu. Sett verður ræsi undir slóðann og verður þvermál þess 1 m.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að stærð landfyllinga hafi verið takmörkuð eins og framast er unnt. Bent er á að breidd fyllingar á deiliskipulagsupprætti hafi verið 300 m en lengning verði um 90 m breið í fyrirhugaðri framkvæmd og breidd núverandi fyllinga óbreytt.

Náttúruminjar

Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Suðureyjar eru á náttúruminjaskrá, sbr. eftirfarandi lýsingu í skránni:

Hólmarnir, Akureyri, Eyjafjarðarsveit (áður Öngulsstaðahr.), Eyjafjarðarsýslu. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.

Hólmarnir eru einnig á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas). Forsendur þess að svæðið er sett á þann lista eru þær að um er að ræða svæði þar sem talið er að dvelji yfir 1% af stofni votlendisfugla, þ.e. jaðrakans (*Limosa limosa*), sem nýtir svæðið sem áningarstað (passage visitor).

Framkvæmdir við norðurenda flugvallarins raska ekki óshólmunum sjálfum en raska leirum sem eru mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla. Leirur í Eyjafirði falla jafnframt undir 37. gr. laga nr. nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt henni skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leirur eru mikilvægir viðkomustaðir ýmissa fuglategunda, einkum vaðfugla, andfugla og máfa, en á undanförunum árum hefur sífellt gengið á slík svæði vegna ýmissa framkvæmda, s.s. landfyllinga. Þau svæði sem eftir eru óröskuð hafa því sífellt meira verndargildi. Í skýrslu sem Jón Magnússon og Sverrir Thorstensen unnu fyrir Björgun ehf vegna fyrirhugaðrar efnistöku í tengslum við strandbyggð í Eyjafjarðarsveit (Fuglar á Leirunni fyrir botni Eyjafjarðar: Talningar að vorlagi 1994-2004) er á það bent að leiran fyrir botni Eyjafjarðar sé um 2,73 km² eða um 70% af leirum Norðurlands. Þar kemur einnig fram að röskun fæðusvæða Leirunnar geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þá varpfugla í óshólmunum sem sækja fæðu sína í Leiruna, t.d. stelk og jaðrakan. Friðun varpsvæða í óshólmunum gæti því verið í uppnámi ef fæðusvæði fuglanna verði skert. Í framangreindri skýrslu er lagt sérstakt mat á gildi talningarsvæðis 5 fyrir fuglalíf en það er austan við Eyjafjarðarbraut og því utan við áhrifasvæði flugvallarins. Við mat á gildi svæðis 5 er vakin athygli á að röskun þess svæðis geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir ákveðnar tegundir og að alls óvíst sé að fuglarnir hafi möguleika á að sækja fæðu á önnur svæði Leirunnar, t.d. vegna samkeppni milli einstaklega. Það sé ekki síst alvarlegt í ljósi annarra tillagna sem liggja fyrir um framkvæmdir á Leirunni, og er þar m.a. vísað til fyrirhugaðra framkvæmda við Akureyrarflugvöll. Í ljósi þess að

mismunandi hlutar leirunnar geta haft mismikið gildi eftir tegundum fugla hefði verið æskilegt að meta gildi leirunnar umhverfis núverandi flugbraut sérstaklega.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila er vísað til greinargerðar frá 1988 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við öryggissvæði Akureyrarflugvallar. Þar komi fram að leirurnar í vesturjaðri óshólmasvæðisins séu auðgastar og hafi t.a.m. mestan fjölda leiruskera. Í þeirri greinargerð sé sendin leira norður af enda flugbrautar nefnd sem líklegur efnistökuastaður m.t.t. umhverfisáhrifa og bent á að þótt nokkuð líf kunni að vera í sandinum við enda flugbrautar, komi hann að jafnaði ekki upp um fjöru og nýtist því ekki vaðfuglum. Nokkuð er um liðið síðan þær rannsóknir sem greinargerðin byggir á voru gerðar og eins og bent er á í tilkynningu framkvæmdaraðila kunna aðstæður því að hafa breyst á óshólmasvæðinu.

Umhverfisstofnun telur miðað við umfang framkvæmdanna að framkvæmdir við stækkun öryggissvæðis við norðurenda flugvallarins muni ekki hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf á flugvallarsvæðinu sjálfu, svo fremi að staðið verði þannig að framkvæmdum að þær hafi sem minnst rask í för með sér og að hugað verði að tímasetningu framkvæmda, auk þess sem ekki verði farið í sérstakar aðgerðir sem trufla fuglalíf.

Efnistaka

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að samtals verði aðflutt efni í fyllingar og burðarlög um 15.000 m³ og verði það allt tekið úr opnum námum sem eru í nágrenni svæðisins.

Umhverfisstofnun telur að framangreindar upplýsingar um efnistöku séu ófullnægjandi. Stofnunin telur að tilgreina eigi hvaða námur, af þeim sem vísað er til í tilkynningu um framkvæmdina, hafa nú þegar framkvæmdaleyfi. Einnig hvað gert er ráð fyrir mikilli efnistöku í þeim námum samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, og þá jafnframt hvort sú efnistaka sem ráðgerð er í tengslum við endurbætur á flugvellinum sé í samræmi við áætlanir um efnistöku samkvæmt aðalskipulagi.

Verktilhögun og frágangur

Umhverfisstofnun vekur athygli á að mikilvægt er að staðið verði þannig að framkvæmdum að þær hafi sem minnst rask í för með sér og að því verði fylgt eftir að fjarlægður verði vegslóði, ásamt ræsi, sem lagður verður vegna efnisflutninga að vinnusvæði. Jafnframt þarf að huga að tímasetningu framkvæmda til að halda áhrifum á fuglalíf í lágmarki. Gera má ráð fyrir að framkvæmdirnar trufla fuglalíf sem minnst ef þær fara fram á tímabilinu september til mars.

Endurheimt votlendis

Umhverfisstofnun bendir á að í samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningur) er votlendissvæði skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Grunnsævi telst því einnig til votlendis skv. samningnum. Í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið mörkuð sú stefna að ef fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í för með sér rask á votlendi verði endurheimt a.m.k. jafnmikið votlendi og það sem raskast við framkvæmdirnar. Ekki hefur þó enn verið gerð krafa um endurheimt leira eða fjörugerða á grunnsævi, heldur hefur eingöngu verið um að ræða endurheimt votlendis á landi. Ætla má að erfitt

sé um vik við endurheimt grunnsævis af þessari gerð en slíkt hlýtur að kalla á enn íhaldssamari stefnu hvað varðar rask á grunnsævisvotlendisgerðum vegna framkvæmda.

Sammögnunaráhrif


Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tilkynningu framkvæmdaraðila er ekki fjallað sérstaklega um sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum sem þegar hafa verið leyfðar, þ.m.t. efnistöku á leirunum.


Niðurstaða

Ljóst er að áframhaldandi röskun verður á búsvæði fugla við gerð öryggissvæða við norðurenda Akureyrarflugvallar. Við undirbúning framkvæmdanna hefur að nokkru leyti verið tekið tillit til athugasemda sem Umhverfisstofnun gerði við breytingu á aðalskipulagi Akureyrar, með því að draga úr umfangi framkvæmda og falla frá efnistöku á ósasvæði Eyjafjarðarár. Umhverfisstofnun telur að fjalla hefði mátt með ítarlegri hætti um áhrif framkvæmda á fuglalíf, sbr. athugasemdir hér að framan. Stofnunin telur þó með hliðsjón af umfangi framkvæmdanna að ekki séu líkur á að framvæmdin ein og sér muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif en þó verði ekki horft fram hjá því að ef sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum á svæðinu eru skoðuð verða áhrifin mun meiri.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að hvort sem framkvæmdin verður háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki þarf að leita umsagnar stofnunarinnar skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Stofnunin áskilur sér rétt til frekari athugasemda við framkvæmdirnar við umfjöllun samkvæmt þeim lögum.

Virðingarfyllt


Sigrún Friðriksdóttir
fagstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður